

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1965 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Gjört í Reykjavík, 28. nóvember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Nr. 65.

18. desember.

FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 85. löggjafarþings, frá 22. desember 1964, eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 1. febrúar 1965.

Gjört að Bessastöðum, 18. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.